



ORKUSTOFNUN

Meiri cobraboranir við Grandaskóla. Athugun
á þykkt lausra jarðlaga

Þórólfur H. Hafstað

Greinargerð þHH-89-02

Meiri cobraboranir við Grandaskóla Athugun á þykkt lausra jarðlaga

Að beiðni Jóhannesar Benediktssonar á byggingardeild skrifstofu Borgarverkfræðings voru boraðar holur með cobrabor á sex stöðum við Grandaskóla í desember 1988. Gerð var grein fyrir þeim í greinargerðarkorni þann 20. desember síðast liðinn (ÞHH-88-04). Í ljós kom að þær upplýsingar sem þá fengust voru ekki fullnægjandi. Óskað var eftir að boraðar yrðu tvær holur til viðbótar og er þessi snepill um þær.

Borstaðirnir H-7 og H-8 eru merktir með hælum á vettvangi. H-7 er sem næst í línu milli H-3 og H-4 og út af ca. miðjum vegg núverandi húss. Borunin þar tókst í fyrstu atrennu.

Þá var reynt að komast niður úr uppfyllingaefninu sem reynst hafði Prándur í Götu þegar reynt var að bora H-1. Borinn var rekinn niður á fjórum stöðum í brekkunni út af H-1 en alltaf stoppaði á grjóti á um metersdýpi. Það var ekki fyrr en komið var alveg úti í jaðar fyllingarhólsins, tæpan 21 m út af H-1, að boraðist niður úr grjótinu. Þar varð holan H-8 fyrir rest.

Við cobraborun er mældur reksturshraði borstanga á 20 cm bili. Hraðaferlarnir eru sýndir á meðfylgjandi blaði. Í borlok þýðir fullyrðingin "stopp" að borinn hafi nánast stöðvast en að fyrirstaðan sé ekki mjög afmörkuð. "fast" er notað þegar fyrirstaðan er mjög ákveðin; borinn heggur og glamrar. Þýðir það þá annað hvort að komið sé í fasta klöpp eða á stóran stein. Báðar viðbótarholurnar virtust ná ofaní fasta klöpp; fyrirstaðan var mjög afgerandi.

Með þessari viðbót gerum við skrána um mesta bordýpi ögn lengri:

Mesta bordýpi:
Hola 1: 2,4 m
Hola 2: 10,3 m
Hola 3: 9,6 m
Hola 4: 7,8 m
Hola 5: 6,8 m
Hola 6: 9,1 m
Hola 7: 8,3 m
Hola 8: 8,05 m

Kveðjur;
Birgir Jónsson
Þórólfur H. Hafstað

VOD

HRAÐAÐERLAR COBRA ÐORUNAR


GRANDAÐSKÓLI

1. FEBR. 1989

BJ / ÞHH

cobraholur

H-7



H-8

